

Fundargerð 282. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 6. júní 2023
Fundartími: 9:00-11:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta sumarlokun skrifstofu við dagskrá fundar undir lið 11 og ákvörðun um laun í vinnuskóla Flóahrepps undir lið 12. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

Fundur nr. 260, dags. 10.05.2023

a) Syðri-Gegnishólar L165499; Kisa 1 og Kisa 2; Stofnun lóða – 2304042

Lagt er fram erindi er varðar ný staðföng fyrirhugaðra íbúðarhúsalóða. Fyrir liggur umsókn um stofnun 2ja lóða úr landi Syðri-Gegnishóla L165499 í samræmi við deiliskipulag sem er í ferli í skipulagsmáli nr. 2109091. Innan skipulagsins er ekki gert ráð fyrir staðföngum nýju lóðanna en skv. umsókn um stofnun þeirra er óskað eftir því að þær fái staðföngin Kisa 1 og Kisa 2. Vísað er í að lóðirnar liggja við tóftir sem nefnast Kisa.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlögð staðföng lóðanna.

Fyrir liggur erindi er varðar ný staðföng fyrirhugaðra íbúðarhúsalóða. Fyrir liggur umsókn um stofnun 2ja lóða úr landi Syðri-Gegnishóla L165499 í samræmi við deiliskipulag sem er í ferli í skipulagsmáli nr. 2109091. Innan skipulagsins er ekki gert ráð fyrir staðföngum nýju lóðanna en skv. umsókn um stofnun þeirra er óskað eftir því að þær fái staðföngin Kisa 1 og Kisa 2. Vísað er í að lóðirnar liggja við tóftir sem nefnast Kisa.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlögð staðföng ofangreindra lóða og samþykkir þau.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Hraungerði L166237; Hraunhagi eða Hraunkriki; Stofnun lóða – 2304060

Lögð er fram umsókn Þorvaldar H. Þórarinssonar, f.h. Bleikhólts ehf, er varðar stofnun 40 ha (400.078 fm) landeignar úr landi Hraungerðis L166237. Óskað er eftir að landið fái staðfangið Hraunhagi en Hraunkriki til vara. Aðkoman er frá Oddgeirshólavegi (304) eins og sýnd er á lóðablaði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við stofnun landsins og að lóðin fái staðfangið Hraunkriki þar sem Hraunhagi er nú þegar skráð staðfang innan sveitarfélagsins.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fyrir liggur umsókn Þorvaldar H. Þórarinssonar, f.h. Bleikhólts ehf, er varðar stofnun 40 ha (400.078 fm) landeignar úr landi Hraungerðis L166237. Óskað er eftir að landið fái staðfangið Hraunhagi en Hraunkriki til vara. Aðkoman er frá Oddgeirshólavegi (304) eins og sýnd er á lóðablaði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun ofangreindrar landeignar úr landi Hraungerðis L166237 með þeim fyrirvara að jákvæð umsögn Vegagerðar liggja fyrir vegna áframhaldandi vinnslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að lóðin fái staðfangið Hraunkriki þar sem Hraunhagi er nú þegar skráð staðfang innan sveitarfélagsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

c) Fossmýri L224005; Smábýlabyggð; Deiliskipulag – 2302024

Lögð er fram tillaga er varðar deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005 eftir kynningu. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisyfirbragði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit má mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600 m² og geymsla/útihús allt að 1500 m². Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt skipulagsfulltrúa.

Í ljósi framlagðra athugasemda og umsagna sem bárust vegna tillögu að deiliskipulagi á landi Fossmýrar mælist skipulagsnefnd til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að vinna úr athugasemdum og umsögnum í samráði við umsækjanda og hagsmunaaðila innan svæðisins.

Fyrir liggur tillaga er varðar deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005 eftir kynningu. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisyfirbragði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit má mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600 m² og geymsla/útihús allt að 1500 m². Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins í ljósi framlagðra athugasemda og umsagna sem bárust vegna tillögu að deiliskipulagi á landi Fossmýrar L224005. Skipulagsfulltrúa falið að vinna úr athugasemdum og umsögnum í samráði við umsækjanda og hagsmunaaðila innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundur nr. 261, dags. 24.05.2023

d) Ölvisholt land L166325 (Miklholt); Lóð 1 og 2; Deiliskipulagsbreyting – 2304003

Lögð er fram tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholt landi (Miklholt) L166325. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna eina 1 ha lóð innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 300 fm sumarhús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Eftir breytingu verði því heimild fyrir tveimur frístundahúsum innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi landeigendur að Miklaholtshelli. Nefndin mælist til að skilgreint verði staðfang, í samræmi við reglugerð um staðföng, fyrir nýju lóðina og að skipulagsuppdrátturinn verði uppfærður til samræmis.

Fyrir liggur tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholt landi (Miklholt) L166325. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna eina 1 ha lóð innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 300 fm sumarhús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Eftir breytingu verði því heimild fyrir tveimur frístundahúsum innan svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi landeigendum að Miklaholtshelli. Sveitarstjórn fer fram á að skilgreint verði staðfang, í samræmi við reglugerð um staðföng, fyrir nýju lóðina og að skipulagsuppdrátturinn verði uppfærður til samræmis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Eystri-Loftsstaðir 11 L227156; Íbúðar- og útihús; Deiliskipulag – 2210086

Lögð er fram umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Eystri-Loftsstaða 11 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss og útihúss. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd tekur undir umsögn Vegagerðarinnar og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað eftir auglýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við skipulagshönnuð og umsækjanda um uppfærslu gagna í takt við framlagaðar umsagnir.

Fyrir liggur umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Eystri-Loftsstaða 11 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss og útihúss. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir umsagnir Vegagerðarinnar. Í ljósi umsagna frestar sveitarstjórn Flóahrepps afgreiðslu málsins eftir auglýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við skipulagshönnuð og umsækjanda um uppfærslu gagna í takt við framlagaðar umsagnir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Gaulverjabæjarskóli L165520; Ferðaþjónusta; Deiliskipulag – 2305043

Lögð er fram umsókn frá Big Sky ehf. er varðar nýtt deiliskipulag við Gaulverjabæjarskóla. Í deiliskipulaginu felst stækkun á núverandi lóð úr 1,3 ha í 2,74 ha. Á núverandi lóð er fyrirhugað að byggja við núverandi aðstöðu Gaulverjabæjarskóla en í síðari áföngum er heimilt að byggja allt að 10 stök gistihús/smáhýsi norðan við Gaulverjabæjarskóla, á því svæði sem stækkun lóðar nær til. Samanlagt leyfilegt byggingarmagn innan stækkaðrar lóðar er áætlað 1.200 m² *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Big Sky ehf. er varðar nýtt deiliskipulag við Gaulverjabæjarskóla. Í deiliskipulaginu felst stækkun á núverandi lóð úr 1,3 ha í 2,74 ha. Á núverandi lóð er fyrirhugað að byggja við núverandi aðstöðu Gaulverjabæjarskóla en í síðari áföngum er heimilt að byggja allt að 10 stök gistihús/smáhýsi norðan við Gaulverjabæjarskóla, á því svæði sem stækkun lóðar nær til. Samanlagt leyfilegt byggingarmagn innan stækkaðrar lóðar er áætlað 1.200 m² Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins, sveitarstjóra falið í samráði við skipulagsfulltrúa og umsækjendur að uppfæra varðandi aðkomu að rotþró og gistihúsum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslufundur byggingafrulltrúa nr. 184, dags. 03.05.2023 og nr. 185, dags. 17.05.2023
Lagðar fram til kynningar.

3. Aðalskipulagsbreyting – Suðurlandsvegur

Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Tillagan tekur til aðlögunar á staðsetningu undirgangna og stærð landnotkunarreita í tengslum við nýja legu Suðurlandsvegur.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 sem tekur til aðlögunar á staðsetningu undirgangna og stærð landnotkunarreita í tengslum við nýja legu Suðurlandsvegur og að málið fá málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar og skal niðurstaða sveitarfélagsins auglýst samhliða. Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita falið að ljúka málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Reglur Flóahrepps um uppgjör við ráðna veiðimenn og greiðslu fyrir unna refi og minka
Fyrir liggja gildandi reglur ásamt drögum að uppfærðum reglum Flóahrepps um refa- og minkaveiði í Flóahreppi og uppgjör við ráðna veiðimenn og greiðslu fyrir unna refi og minka.

Í gildandi reglum sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir því að ráðinn sé veiðimaður vegna minka en í reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar segir að sveitarstjórn sé skylt að ráða skotmenn til að stunda skipulega grenjaleit, grenjavinnslu og minkaveiðar árlega til að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka. Ljóst er því að uppfæra þarf reglur Flóahrepps og bæta inn skipulögðum minkaveiðum í sveitarfélaginu á tímabilinu 20. apríl – 30. júní ár hvert.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á uppfærðum reglum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Samningur um refaveiðar í Flóahreppi

Fyrir liggja uppfærð drög að samningi vegna grenjavinnslu og refaveiða í Flóahreppi fyrir árin 2023-2026. Samningur er gerður með vísan í lög nr. 64/1994 og reglugerðar nr. 437/1995. Sveitarstjórn samþykkir að leita samninga við fyrri grenjaskyttu og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram. Sveitarstjórn samþykkir að samið sé að lágmarki til eins árs og að hámarki til þriggja ára eða til og með ársins 2026. Náist ekki samkomulag við fyrrum grenjaskyttu skal auglýsa eftir grenjaskyttu eins fljótt og auðið er.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Eggerti Sigurþóri Guðlaugssyni vegna minkaveiða

Fyrir liggur erindi frá Eggerti Sigurþóri Guðlaugssyni vegna minkaveiða í sveitarfélaginu. Bendir hann á að enginn skotmaður til minkaveiða er ráðinn af sveitarfélaginu en skv. lögum og reglugerðum vegna veiða á minkum getur sveitarstjórn ráðið skotmann til minkaveiða árlega til að koma í veg fyrir tjón af völdum minka. Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn samþykkir að auglýst verði í byrjun árs 2024 eftir skotmanni til minkaveiða fyrir ofangreint tímabil fyrir árið 2024 til að framfylgja lögum og reglugerðum varðandi minkaveiði.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

7. Styrkbeiðni frá Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands

Fyrir liggur styrkbeiðni og áframhaldandi stuðningi við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að árlegt framlag í Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands verði 30.000 kr og að samningur verði gerður frá árinu 2023 til og með ársins 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Huldu Rós Rúriksdóttur – Lausaganga búfjár

Fyrir liggur erindi frá Huldu Rós Rúriksdóttur um lausagöngu búfjár. Í erindi kemur fram að viðkomandi landeigendur hafi orðið fyrir tjóni síðastliðin ár vegna laugagöngu búfjár sauðfjáreigenda á svæðinu. Óskað er eftir því að sveitarfélagið beiti sér vegna laugagöngu búfjár og kynni ákvæði 3. gr. gildandi fjallskilasamþykktar fyrir Árnassýslu austan vatna nr. 844/2022 fyrir landeigendum, eigendum sauðfjár og innan sveitarfélagsins með áberandi hætti. Einnig er óskað eftir því að sveitarfélagið upplýsi um þær aðgerðir sem það hyggst fara í til að framfylgja ákvæði samþykktarinnar.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarstjóra falið að senda bréf á sauðfjáreigendur í sveitarfélaginu þar sem ákvæði 3. gr. gildandi fjallskilasamþykktar fyrir Árnassýslu austan vatna nr. 844/2022 er kynnt ásamt því að birta tilkynningu þess efnis á heimasíðu og á miðlum sveitarfélagsins sem og í næstu Áveitu sem gefin er út um hver mánaðarmót.

Sveitarstjórn beinir því til landeigenda í sveitarfélaginu að beina umkvörtunum um ágangsfé beint til sveitarstjórnar sbr. gildandi fjallskilasamþykkt. Sveitarstjóra er falið að finna aðila til að annast smölun og vörslu ágangsfjár, berist tilkynningar um slíkt til sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn óskar eftir umsögn landbúnaðar- og atvinnumálanefndar vegna ofangreinds erindis og út frá 4. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald sem snýr að þeim heimildum sem sveitarfélögum eru gefnar varðandi samþykkt um búfjárhald og hvort tilefni sé til þess að setja slíkar í sveitarfélaginu. Einnig óskar sveitarstjórn eftir tillögum frá nefndinni um hugsanlegt verklag sem sveitarstjórn getur sett sér til að framfylgja 3. grein í gildandi fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna nr. 844/2022. Í því tilliti fjalli nefndin um á hvaða hátt megi staðfesta hverjir séu eigendur ágangsfjár, hvernig skuli aðvara eigendur og hvað teljist eðlilegur frestur fyrir eigendur til að bregðast við. Einnig óskar sveitarstjórn þess að nefndin

taki afstöðu til þess hvenær rétt sé að sveitarstjórn láti reka ágangsfé á afrétt eða heim til eigenda á þeirra kostnað og í því samhengi skal bent á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Almari Sigurðssyni – Umgengni í Heiðargerði

Fyrir liggur erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Almari Sigurðssyni þar sem óskað er eftir skriflegu svari við nokkrum atriðum er varðar umgengni á lóðum við Heiðargerði.

Sveitarstjórn þakkar fyrir innsent erindi. Í tengslum við erindi þykir tilefni til að upplýsa um að umræða hefur verið hjá sveitarstjórn um að fara í endurskoðun á deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið í Heiðargerði og skoða gerð heildstæðs deiliskipulag fyrir núverandi athafnasvæði og nýtt athafnasvæði ofan Heiðargerðis sem unnið er að skipulagi fyrir á vegum sveitarfélagsins. Gerð nýs heildstæðs deiliskipulag gefur kost á því að skilgreina betur þær kröfur sem gerðar eru um frágang umhverfis á þessu svæði.

Sveitarstjórn bendir á að sveitarstjóri hefur nýlega beint þeim tilmælum til eigenda og/eða umráðamanna húsa, mannvirkja og lóða í sveitarfélaginu að þeir fylgi ákvæðum í lögum og reglugerðum varðandi umgengni og eru íbúar, frístundahúsaeigendur og atvinnurekendur hvattir til að gera úrbætur þar sem við á. Sveitarstjóri hefur verið í samskiptum við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands varðandi umgengni á lóðum og lendum í sveitarfélaginu en eitt af hlutverkum heilbrigðisfulltrúa á vegum Heilbrigðiseftirlits er að fara í eftirlitsferðir um umdæmið til að kanna almenna umgengni á lóðum og lendum.

Þessu tengt hefur sveitarstjóri bent á skyldu eigenda lausafjármuna til þess að sækja um stöðuleyfi þar sem við á og hefur sveitarstjóri verið í samskiptum við byggingafulltrúa vegna þess.

Sveitarstjórn ber að gæta meðalhófs í ákvörðun um aðgerðir sem geta verið íþyngjandi svo sem vegna stjórnvaldsákvæðana um hreinsun lóða á kostnað umráðamanna, að láta fjarlægja hluti á kostnað umráðamanna o.s.frv. Sveitarstjóra falið að tímasetja aðgerðaráætlun við hreinsun og umgengni í Heiðargerði. Gefa þarf hlutaðeigandi viðeigandi frest og tækifæri til að bregðast við tilmælum áður en gengið er lengra í ákvörðunum.

Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar þau tilmæli til eigenda og/eða umráðamanna húsa, mannvirkja og lóða í sveitarfélaginu sem vísað er í hér að ofan að huga að umgengni og gera úrbætur þar sem við á og bendir jafnframt á hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hvað það varðar.

Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum sérstaklega til lóðarleiguhafa hjá sveitarfélaginu að huga að ákvæðum í lóðarleigusamningi varðandi umgengni á lóðum og geymslu lausafjármuna á lóðum.

Sveitarstjóra falið að senda skriflegt svar vegna ofangreinds erindis fyrir hönd sveitarstjórnar. Sveitarstjóra jafnframt falið að senda bókun sveitarstjórnar á lóðarleiguhafa hjá sveitarfélaginu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Þorvaldi Þórarinssyni f.h. Bleikholts ehf. og Orkugerðinni ehf. – aðkomuvegur að lóð

Fyrir liggur erindi frá Þorvaldi Þórarinssyni fyrir hönd Bleikholts ehf. og Orkugerðarinnar ehf. er varðar kvöð um umferðarrétt að 12 ha lóð úr landi Hraungerðis L166237. Óskað er eftir því að aðgengi að lóð verði um lóðina Heiðargerði 5 L188574 skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að aðkomuvegur að ofangreindri lóð verði um athafnasvæðið í Heiðargerði en fer fram á að umferðarréttur verði um óbyggða lóð í Heiðargerði 3 L209867 en ekki um Heiðargerði 5 L188574 enda sé lóðin í Heiðargerði 5 nánast fullnýtt. Uppfæra þarf því framlagða tillögu um breytingu á deiliskipulagi þannig að vegsvæði verði skilgreint um Heiðargerði 3. Við það myndi lóð í Heiðargerði 3 minnka sem nemur vegsvæðinu og mögulega tilfærslu á byggingareit. Kvöð um umferðarrétt að L166237 skal koma fram í deiliskipulagi og uppfæra þarf lóðarleigusamninga samhliða ofangreindri kvöð.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Fundarhlé.

11. Sumarlokun skrifstofu

Sveitarstjórn samþykkir að opnunartími skrifstofu Flóahrepps verði eftirfarandi sumarið 2023:
10. júlí – 21. júlí Skrifstofa lokuð vegna sumarleyfa.
24. júlí – 27. júlí Skrifstofa opin frá 9:00-13:00. Lokað eftir kl. 13:00 vegna sumarleyfa.
31. júlí – 7. ágúst Skrifstofa lokuð vegna sumarleyfa.
Hefðbundin opnun skrifstofu verður frá og með þriðjudegi 8. ágúst.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Ákvörðun um laun í vinnuskóla Flóahrepps

Tillaga um að laun í vinnuskóla Flóahrepps taki breytingum frá fyrra ári skv. launavísitölu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 280, dags. 02.05.2023 og nr. 281, dags. 08.05.2023
- b) Fræðslunefndar nr. 143, dags. 16.05.2023
- c) Stýrihóps um heilsueflandi samfélag í Flóahreppi
Varðandi umræður stýrihóps um setu fulltrúa frá sveitarstjórn í stýrihópnum þá samþykkir sveitarstjórn að sveitarstjóri sitji fundi stýrihópsins.
Sveitarstjórn beinir því til ritara fundargerða að tölusetja liði í fundargerð svo að hægt sé að vísa til þess við afgreiðslu fundargerða hópsins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 29, dags. 28.04.2023 og nr. 30, dags. 24.05.2023
Varðandi fundargerð 30. fundar Héraðsnefndar Árnesinga dags. 24.05.2023 og minnisblaðs um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga dags. 29.05.2023 vill sveitarstjórn Flóahrepps bóka eftirfarandi:
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að Héraðsnefnd Árnesinga taki húsnæði að Hellismýri 8, Selfossi, á leigu fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga, með þeim áhrifum sem það hefi á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins til næstu ára, fái húsnæðið leigt. Á móti fellur út kostnaður við leigu í Ráðhúsi Árborgar og rekstrarkostnaður af Háheiði 9.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- e) Svæðisskipulags Suðurlandis nr. 25, dags. 05.05.2023
- f) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 205, dags. 05.05.2023 og nr. 206, dags. 09.05.2023
- g) Stjórnar SASS nr. 595, dags. 05.05.2023
- h) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 61, dags. 13.04.2023, nr. 62, dags. 21.04.2023, nr. 63, dags. 11.05.2023, nr. 64, dags. 16.05.2023
- i) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 11.05.2023
- j) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 8, dags. 25.05.2023
- k) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 925, dags. 28.04.2023, nr. 926, dags. 17.05.2023, nr. 927, dags. 26.05.2023 og 928 dags, 02.06.2023
Sveitarstjórn tekur undir bókun Sambands Íslenskra sveitarfélaga undir lið 4. í fundargerð nr. 927 varðandi fjallskil þ.e. gerð verklagsreglna og heildarendurskoðunar á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og að það þurfi að vera samvinnuverkefni þeirra ráðuneyta og hagsmunaaðila sem að málaflokknum koma.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- l) Stjórnar Berggrisans bs. nr. 55, dags. 18.04.2023, nr. 56, dags. 15.05.2023 og nr. 57, dags. 19.05.2023
- m) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 6, dags. 30.05.2023
- n) Almennavarnarnefndar Árnessýslu nr. 2, dags. 02.06.2023
Varðandi lið 2 í fundargerð þá þarf sveitarstjórn að hefja vinnu við endurskoðun viðbragðsáætlunar vegna samfélagslegra áfalla í sveitarfélaginu.

14. Efni til kynningar

- a) Frá nefndasviði Alþingis:
 - a. Til umsagnar 976. mál: Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).
 - b. Til umsagnar 978. mál, tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026
 - c. Til umsagnar 1028. mál: Frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

- d. Til umsagnar 497. mál: Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs).
- b) Frá stjórn Vina íslenskrar náttúru – skipulag skógræktar
 - c) Rásfundur fyrir forsetakosningar 2024
Flóahreppur sendi fulltrúa úr yfirkjörstjórn sveitarfélagsins.
 - d) Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um almennt eftirlit á árinu 2023
Bréfið lagt fram til kynningar til að upplýsa sveitarfélagið um áhersluatriði eftirlitsnefndar sveitarfélaga 2023. Ekki þarf að bregðast sérstaklega við bréfinu.
 - e) Umhverfismatsdagurinn 2023 – Loftslag og umhverfismat
 - f) Byggðasafn Árnesinga 70 ára
 - g) Andmæli við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna ágangsfjár
 - h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 4. júlí kl. 9:00 í Þingborg.
- 15. Trúnaðarmál**
Fært í trúnaðarmálabók.


Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)


The block contains four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom, they are: a signature that appears to be 'Árni Eiríksson', a signature that appears to be 'Harpa Magnúsdóttir', a signature that appears to be 'Hulda Kristjánsdóttir', and a signature that appears to be 'Walter Fannar Kristjánsson'. The signatures are written in a cursive style.